

Ed.

365. Frumvarp til laga

[53. mál]

um breyting á lögum nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við 3. málsg. 17. gr. laganna bætist:

Nú gerir skattgreiðandi ekki fulla grein fyrir, á hvaða ári eignaraukinn hefur myndast, og getur framtalsnefnd þá skipt því, sem umfram kann að verða, jafnt á skattárin 1942—46 og reiknað skatt af hverjum hluta sem viðbótartekjum og viðbótareign fyrir hvert ár, þó þannig, að skatturinn fyrir öll árin nemi ekki minna en 20%, ef undandreginn eignarauki er 45—60 þús. kr., og 25% af því, sem þar er fram yfir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.